

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. febrúar 2018

**Mál: Umsögn um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 111. mál.**

Í ljósi frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi ítreka Samtök atvinnulífsins sjónarmið sem sett voru fram í [umsögn](#) samtakanna um frumvarp til laganna á síðasta ári.

Samtökin telja ríka ástæðu til að endurskoðuð verði ákvörðun um að nýta ekki heimild 1. gr. 5. liðar reglugerðar nr. 1071/2009 sem heimilar aðildarríkjunum að undanþiggja flutningsaðila á vegum frá öllum eða sumum ákvæðum reglugerðarinnar þegar flutningar hafi *hverfandi áhrif á flutningsmarkaðinn vegna eðlis þeirra vara sem fluttar eru inn eða vegna þess um hversu stutta vegalengd er að ræða*. Heimildin felur í sér að íslensk stjórnvöld geta innleitt reglugerð ESB án þess að leyfisbinda alla farmflutninga í landinu þar sem flutningsmarkaðurinn er staðbundinn og hefur hverfandi áhrif á flutningamarkað í Evrópu.

Samtökin telja nauðsynlegt að gæta þess við innleiðingu reglugerða og tilskipana ESB að frekari kröfur séu ekki lagðar á íslensk fyrirtæki en nauðsynlegar eru samkvæmt viðkomandi gerðum án þess að því fylgi ítarlegur og greinargóður rökstuðningur og mat á áhrifum hinna auknu krafna. Samtökin skora því á Alþingi að fella úr frumvarpinu öll ákvæði sem tengjast leyfisveitingu til farmflutninga innanlands, eftirlit með þeim og viðurlög.

Rétt er að geta þess að þrátt fyrir að umrædd undanþága yrði nýtt verða þeir sem starfa við farmflutning undir eftirliti og opinberum afskiptum. Til eru reglur um hæfi ökumanna, reglur um ökuréttindi og aukin ökuréttindi ásamt reglum um ástand bifreiða og vinnuvéla og meðferð farms, svo dæmi séu tekin. Verður ekki séð að lagt hafi verið mat á hvort þær reglur væru nægjanlegar til að tryggja öryggi og hagsmuni almennings og annarra, en slíkt mat ætti að vera forsenda fyrir auknum eftirlitskvöðum. Ávinningurinn af viðbótarlöggjöf og eftirliti sem komið var á er minni en enginn en kostnaður töluverður og umstang mikið.

Samtökin ítreka að erfitt getur verið að greina á milli farmflutnings í eigin þágu og í atvinnuskyni en einungis síðari tegundin er leyfisskyld samkvæmt lögunum. Ökutæki bera ekki með sér hvort þau séu í eigu verktaka „sem starfar við annað en flutningsþjónustu“ eða ekki. Eftirlit mun því beinast að öllum flutningum og verður því ómarkvisst og dýrt jafnt þeim sem undir það falla og hinum sem verða fyrir eftirliti án þess að starfsemin sé eftirlitsskyld. Kvaðir sem þessar eru í beinni andstöðu við stefnu stjórnvalda um einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings.

Samtök atvinnulífsins hvetja Alþingi eindregið til að breyta lögunum með ofangreind sjónarmið að leiðarljósi.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Berglára Halldórsdóttir*